



SEPTEMBER 1985

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

SEPTEMBER-hópurinn hefur verið harður af sér um sýningahald frá því hann var stofnaður og þannig hafa þeir félagar sýnt árlega fram að þessu. Þetta er vel gert í svo fámennu þjóðfélagi og einkum þegar þess er gætt, að hópurinn hefur jafnan lagt undir sig stærstu sýningarsali höfuðborgarinnar. Fyrst sýndu þeir í kjallarasölum Norræna hússins en nú hin síðari ár hafa þeir kynnt verk sín á Kjarvalsstöðum.

Þrettánda sýning hópsins stendur um þessar mundir yfir í Kjarvalssal svo og hluta af eystri gangi Kjarvalsstaða, og sýna þeir félagar ásamt tveim gestum sínum þeim Hafsteini Austmann og Jens Urup, samtals 55 myndverk.

Það setur svip sinn á þessa sýningu, að einungis fjórir af hinum upprunalega kjarna listahópsins eru með að þessu sinni. Þannig er Karl Kvaran með sjálfstæða sýningu í Listmunahúsinu og er dálítið undarlegt, að hana skuli bera upp á sama tíma! Tveir þeirra, er jafnan settu mikinn svip á sýningarnar, eru látnir, þeir Sigurjón Ólafsson og Þorvaldur Skúlason. Þá er Steinþór Sigurðsson ekki með en þátttaka hans hefur jafnan verið óreglu-bundin.

Þrátt fyrir alla þessa blóðtöku þá er ennþá mikill Septem-svipur yfir sýningunni, ef svo má að orði komast, og mega þeir félagar vel við una. Þannig fellur Guðmundur Benediktsson vel inn í heildina og er verðugur arftaki Sigurjóns Ólafssonar, en Guðmundur skipar nú sæti hans sem myndhöggvari í hópnum. Gífsskúlptúrar þeir sem Guðmundur sýnir að þessu sinni hafa vakið óskipta athygli fyrir fágun og formrænan traustleika. Er mjög til umhugsunar hvers vegna þessi ágæti myndhöggvari skuli aldrei hafa fengið opinbert verkefni því að við eigum engan hans líka á þessu sviði. En leiðir þær, sem opinber verkefni rata, eru órannsakanlegar og kemur máski okkur myndlistarmönnum ekki þar við ...

Gestir sýningarinnar falla slétt og fellt inn í heildina og eru um margt andlega skyldir kjarnanum og hafa notið svipaðs listræns uppeldis. Vatnslitamyndir Hafsteins Austmanns verða að teljast sterkara framlag hans en olíu-myndirnar. Í þeim er að mínu mati meiri myndræn lifun og lit-

rænni dýpt. Danski myndlistarmadurinn Jens Urup sýnir 8 steinda glugga, sem setja á upp í Sauðárkrókskirkju, en þaðan er eiginkona hans ættuð. Erfitt er að dæma um þessa glugga eins og þeir hanga á Kjarvalsstöðum og yfirleitt öll verk sem ætluð eru í sérstakt umhverfi. En gluggarnir eru skemmtilega öðruvísi en það sem sést hefur á undanförunum árum á þessu sviði. Öllu betur njóta sín þrennur listamannsins gerðar í gler og steinsteypu og er einfaldleikinn hreint sláandi.

Kristján Davíðsson er orðinn einn okkar traustustu málara en þó tekur ekkert málverka hans á sýningunni mann, eins sterkum tókum og hin mikla mynd er hann sýndi á sýningu Listmálarafélagsins nú í vor. Stærsta málverk hans að þessu sinni er og einnig svipmest en hún nefnist „Flæðarmál“ og er máluð á þessu ári.

Valtýr Pétursson á vafalítið misjöfnustu verkin á sýningunni en mynd hans „Ísafold“ (13) kemur þó mjög á óvart og í þeirri mynd koma fram bestu eiginleikar hans sem málara að mínu mati. Sérkennileg litameðferð og umbúðalaus meðhöndlun pentskúfsins. Þá er myndin „Við Faxaflóa“ (17) „Valtýsk“ í besta lagi en hins vegar er málverkið „Mýrarflákar í Normandí“ með sterku dönsku yfirbragði.

Guðmunda Andrésdóttir er með sterkara móti á þessari sýningu og einkum nær hún sér upp í litlu myndinni „Kvöld“ (29). Listakonan er um margt í sérkennilegri aðstöðu því að vafalítið fengi hún mjög gott fyrir þessar myndir væri hún ung og sýndi í Nýlistasafninu. Hvað þá ef hún bæri hollenzkt nafn ...

Jóhannes Jóhannesson á hikaust jafnbestu myndirnar á sýningunni, í senn magnaðar að lit og yfirvegaðar í formi. Erfitt er að benda á einhverja eina mynd annarri betri en málverkið „Skin“ (30) er nokkuð óvenjulegt frá hans hendi. Það er rétt, sem fram hefur komið í öðrum listdómi, að fróðlegt væri að sjá þessi vinnubrögð í steindu gleri. Vinnubrögðin verða undantekningarlítið alltaf betri og traustari er menn með verklega sérþekkingu útfæra uppköst listamannanna. Reynsla okkar Íslendinga er hér einmitt besta viðmiðunin — ónýtir skúlptúrar um land allt.

Á heildina litið er þetta hvorki sterkasta Septem-sýningin til þessa né hin lakasta — heldur einhversstaðar þar á milli. Og það er rétt afstaða að hlaupa yfir eitt ár — sýna næst í september 1987.

Sýningunni er sómasamlega fyrir komið en hvað sýningarskrá snertir þá bera fæst orð minnsta ábyrgð — að venju ...

Hughrif og rómantík

Það er alveg rétt, sem Jón Reykdal segir um myndir sínar í viðtali hér í blaðinu fyrir skömmu, að meginsteifið sé byggt upp á hughrifum. Hughrifin ganga eins og rauður þráður í gegnum myndir hans allar og um leið bera þær sterkan svip af rómantísku geðslagi. Hér er um að ræða hughrif frá landinu og rómantíkin virðist sótt til fyrri aldar, í heim Jónasar Hallgrímssonar og Jóns Thoroddsen, — ljóð Jónasar og sögur Jóns fá hér sjónræna dýpt og myndræna fyllingu.

Þetta er fullgilt viðfangsefni og á engan hátt gamaldags — hér sker úrvinnslan úr og hvernig listamaðurinn meðhöndlar miðil sinn.

Jón Reykdal hefur farið rólega af stað á listaferli sínum þrátt fyrir að hann hafi byrjað snemma og numið lengi við virtar lista-stofnanir. Hann hefur ekki verið haldinn neinni ómóttstæðilegri þörf fyrir að koma fram opinberlega líkt og svo margir af yngri kynslóðinni — hann er einnig af þeirri kynslóð er álítur athafnasemi í sjálfum listmiðlinum af hærri gráðu. Fertugur að aldri hefur Jón þannig aðeins haldið eina hóflega stóra sýningu í kjallarasölum Norræna hússins (1980) þar til hann nú leggur vestri sal Kjarvalsstaða undir verk sín.

Á sýningunni eru 64 verk, sem skiptast í 24 olíumálverk og 38 þurrkritarmyndir, sem munu öll unnin á einu ári svo sem ártölin eru til vitnis um.

Jón er þekktastur sem grafíklistamaður, og sem slíkur vafalítið sá vinsælasti hér á landi um þessar mundir og máske er það einmitt þess vegna, sem hann hefur gefið skurðarjárnunum frí um stund og snúið sér að öðrum

listmiðlum. Vinsældir eru vafasamur mælikvarði á styrk lifandi myndlistarmanna og hættulegar í fámenninu svo sem hér á norðurlöðum. Það er af hinu jákvæða, að Jón skuli vilja sækja á brattann í stað þess, að láta sér vinsældirnar einar nægja.

Satt að segja er það öllu algengara, að málara og myndhöggvarar hvíli sig um stund með því að sökkva sér niður í grafíska miðla en að grafíklistamenn taki að mála eða móta. Það kemur og fram í málverkum Jóns, að hann hefur ekki ennþá náð nægilegu valdi á olíulitunum, enda eru þeir vandmeðfarnir. Málverkin á sýningunni virka þannig ekki nægilega fersk og lifuð — virka einhvernvegin utangarna og skreytikennnd. Hér undanskil ég þó myndina „Norðurfjöll“ (14), sem mér þykir bera af öðrum olíumálverkum á sýningunni en þar er liturinn safaríkur og mettáður og myndhugsunin skýr.

Jón er öllu meir á heimavelli í þurrkritarmyndum sínum enda myndefnið keimlíkara grafíkmyndunum og miðillinn einnig. Hér getur hann leyft sér ýmislegt, sem ekki gengur upp í olíulitunum og er um leið öruggari og ákveðnari. Sem dæmi nefni ég myndir eins og „Maður er manns gaman“ (28), „Á næturhljóðri heidi“ (35), „Undir herðabreiðu fjalli“ (38), „Vorlækir“ (47) og „Jökulsvali“ (61). Þá eru dökku myndirnar er hanga saman nr. 30, 31, 32 og 57 stemmningarríkar um leið og þær eru í eðli sínu mjög grafískar.


Þessi sýning Jóns er um margt öllu sterkari sýningunni í Norræna húsinu og gefur meiri fyrirheit því að það er alveg ljóst að Jón Reykdal getur ennþá betur.

Bragi Ásgeirsson



VIÐ ERUM FLUTTIR!

Frá Frakkastíg 13 að Krókhálsi 4 (2. hæð), Reykjavík.



Ath! Nýtt og breytt símanúmer.

☎ 672244 (3 línur)



FESTI Heildverslun
Krókhálsi 4,
110 Reykjavík